



# Stjórn SSH

## 411. fundur

Mánudaginn 9. febrúar 2015 kl. 12:15 kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Haraldur L. Líndal, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Ármann Kr. Ólafsson og Guðný Ívarsdóttir.

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

### 1. Ferðaþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundinum undir þessum dagskrárlið:

- a) Fundargerð eigendafundar Strætó bs. frá 5. febrúar 2015, og tillaga að erindisbréfi fyrir sérstaka stjórn yfir ferðaþjónustu fatlaðs fólks dags. 5. febrúar 2015.

Stefán Eiríksson forstöðumaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og formaður sérstakrar stjórnar ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk mætti á fundinn undir þessum dagskrárlið og lagði fram minnisblað til stjórnar SSH þar sem gerð var grein fyrir vinnu stjórnarinnar sem skipuð var á eigendafundinum 5. febrúar sl.

Umræður

#### Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkti fyrirbyggjandi tillögu að erindisbréfi fyrir sérstaka stjórn ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

- b) Verkefnistillaga innri endurskoðunar – Úttekt á aðdraganda, innleiðingu og framkvæmd ferðaþjónustu fatlaðs fólks hjá Strætó bs.: erindi innri endurskoðunar og verkefnistillaga.

Hallur Simonarson, forstöðumaður innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar mætti á fundinn undir þessum dagskrárlið og gerði grein fyrir verkefnatillögunni.

Umræður

#### Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkti fyrirbyggjandi verkefnatillögu innri endurskoðunar. Framkvæmdastjóra falið að fara yfir kostnaðarþátt verkefnisins og setja fram tillögu að mögulegri kostnaðarskiptingu vegna verkefnisins fyrir næsta stjórnarfund.

Stefán og Hallur véku af fundi.

- c) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að innri endurskoðun leggi mat á útboðsferli og skilmála vegna útboðs á ferðaþjónustu fatlaðs fólks – vísun til SSH frá borgarráði.

#### Niðurstaða:

Stjórn SSH telur að afgreiðsla á verkefnatillögu innri endurskoðunar sbr. lið b) hér að ofan feli í sér þær aðgerðir sem tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins tekur til.

### 2. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Hrafnkell Á Proppé svæðisskipulagsstjóri og Hjálmar Sveinsson formaður svæðisskipulagsnefndar sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

Eftirfarandi þættir voru til umfjöllunar og umræðu:



- a) Innkomnar athugasemdir að afloknum athugasemdafresti v. tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.
- b) Viðbrögð við umsögn Skipulagsstofnunar og athugasemdum Vegagerðarinnar.
- c) Vinna fjögurra ára þróunaráætlunar fyrir árin 2015 -2019.

HÁP og HS gerðu grein fyrir stöðu ofangreindra mála, og kynntir voru efnisþættir í drögum að samkomulagi um samstarf SSH og Vegagerðarinnar um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu, sbr. m.a. bókun stjórnar SSH frá 5. maí 2014.

Umræður

**Niðurstaða:**

Stjórn samþykkti að áfram verði unnið að mótun samnings milli SSH og Vegagerðarinnar á grundvelli fyrirliggjandi samningsdraga, og stefnt að því að niðurstaða liggi fyrir innan 2 vikna. Sömu leiðis verði vinnu við gerð fjögurra ára þróunaráætlunar 2015 -2019 hraðað þannig að niðurstaða þeirrar vinnu liggi fyrir þegar tillaga að nýju svæðisskipulagi verður send sveitarfélögunum til staðfestingar.

**3. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2019**

Fyrir lá lokaentak að samningi um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2019.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti að heimila stjórnarformanni að undirrita samninginn f.h. SSH. Formanni og framkvæmdastjóra falið að móta nýjar verkefnatillögur í samræmi við stefnumið samningsins og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

**4. Flutningur á raflínum Landsnets í landi Hafnarfjarðarbæjar.**

HLH gerði grein fyrir þörf Hafnarfjarðarbæjar á flutningi raflína Landsnets í Vallahverfi í Hafnarfirði, og vakti máls á þörf á samræmdri afstöðu sveitarfélaganna í viðræðum við Landsnet um málið og vegna skipulagslegrar umfjöllunar um málið. Rætt var m.a. um mannvirkjabelti í núverandi svæðisskipulagi og aðalskipulagi sveitarfélaganna og skilgreiningu þess í núverandi vatnsvernd og fyrirliggjandi tillögu að nýrri vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55